



euromarina

BUILDING SINCE 1972

www.euromarina.com

The Portfolio



Velkomín í sólina á Spáni







Síðan 1972 hafa mikilvægustu gildi okkar í Euromarina og eru enn, verið að bjóða öllum viðskiptavinum okkar persónulega og góða þjónustu.

Við takmörkum okkur ekki aðeins við sölu á fasteignum; við leggjum okkur fram í því að geta boðið upp á fjölbreytt úrval af þjónustu, skipuleggjum vandlega hvert smáatriði, með þarfir nýs lífsstíls viðskiptavina okkar að leiðarljósi.

Euromarina er lífsstíll, sönn spegilmynd í anda Miðjarðarhafsins, fjárhagslega viðráðanlegur lífstíll sem sameinar þægindi og gæði sem við öll leitum eftir á heimili okkar. Það eru sannarlega forréttindi að lifa á stað umkringd náttúrunni, tómstund, heilsu og lífsgæðum.

Í boði er þriggja náttu gisting á Hótel La laguna og skoðunarferð um svæðið fyrir hugsanlega kaupendur.

- Það borgar sig að kynna sér málið.
- Aldrei verið hagstæðara að fjárfesta á Spáni.
- Við fylgjum þér í hverju skrefi í ferlinu.
- Íslenskir sölufulltrúar Euromarina fylgja þér alla leið.
- Euromarina er 45 ára byggingarfélag og fasteignasala sem þú getur treyst 100%.


Við hönnum og byggjum húsin í samræmi við óskir og þarfir viðskiptavina okkar, veljum vandlega hvert smáatriði á persónulegan hátt. Það er okkar markmið að takast á við einstaka óskir af sérhverju verkefni sem við fáumst við. Í því skyni notum við aðeins efni í hæsta gæðaflokki sem eru einnig umhverfisvæn.

Við treystum líka á styrk okkar eigin arkitekta sem gefa viðskiptavinum okkar persónulega ráðgjöf og aðstoð í hönnun híbýla sinna. Það góða samstarf við viðskiptavinina í hverju verkefni fyrir sig, skapar oft einstakar og persónulegar eignir. Margbreytileikinn er mikill hjá okkur, allt frá íbúðum við hliðina á ströndinni að rúmgóðum fasteignum í þéttbýli til hágæða einbýlishúsa á stórum jörðum, allt þetta er til staðar hjá EUROMARINA þar sem framúrskarandi byggingagæði er í hávegum.


Í stöðugum vexti og þróun, leitumst við eftir því að veita viðskiptavinum okkar hin bestu gæði og þægindi, hvort sem það snýr að þörfum dagsins í dag eða framtíðar þörfum. Við vinnum með nýjustu tækni og þróun í umhverfismálum, því hafa húsin okkar verið útbúin og aðlöguð nýjustu lögum í tæknilegum byggingarkóða.



 Arenales

 Doña Pepa

 La Fiesta

 Pueblo Marina

 Korum

 La Veleta

 La Zenia

 Pueblo Patricia

 Euromarina Tower

Spain

DOÑA PEPA

Doña Pepa er glæsilegt þéttbýlishverfi með breiðum götum, dásamlegu útsýni að Þjóðgarðinum og saltvötnunum. Þar sem hægt er að njóta tómsunda og nauðsynlegum þægindum án þess að þurfa að taka bílinn. Dona Pepa er aðeins í 30 mínútna fjarlægð frá alþjóðlegum flugvöllum, 35 mínútur frá Alicante og 5 mínútur frá fallegustu ströndum Costa Blanca. Hitastigið er gott allt árið um kring og andrúmsloft einstakt. Doña Pepa hefur á svæði sínu upp á mjög fjölbreytta þjónustu að bjóða og mikinn fjölda af verslunum, veitingahúsum, kaffihúsum, læknastofum, apótek, golfvelli, einnig banka, 4 stjörnu Hótel með heilsulind, kirkju, félagslega miðstöð, menningarmiðstöð, íþróttasvæði, vatnsrennibrautagarður, skóla, tvo náttúrulega garða og fleira.

LOS ALCÁZARES

Los Alcázares er yndislegur ferðamannastaður með sjö km af strandlengju. Þetta er tilvalinn staður til að njóta sólarinnar og strandarinnar. Einstaklega veðursælt er í bænum allt árið um kring. Bærinn tilheyrir Murcia og er mjög nálægur San Javier flugvöllinum. Miðborgin er svo skammt frá Mar Menor Sea en vötnin í þeim hafa lækninga eiginleika og eru mjög heilsusamleg. Ef þú heimsækir þennan bæ getur þú fundið sögulega staði, synt á ströndinni, smakkað frábæra matargerð Murcia og æft alls konar íþróttir. Vötnin í Mar Menor innihalda mikið af salti og jöði sem eru talin frábær lækning. Þessi vötn draga úr húðsjúkdómum, gigtareinkennum og sjúkdómum í öndunarfærum. Ef þú baðar þig á ströndinni í Los Alcazares nýtur þú 100% náttúrulegrar spa meðferðar. Þetta er ein af fallegustu ströndum Costa Calida með hvítum sandi og tærum sjó. Þú getur notið alls konar vatnsíþróttar eins og siglinga, seglbretta, kanósíglunga, kite brimbrettabrunns og báta allt árið um kring. Þú getur líka spilað aðrar íþróttir, svo sem körfubolta, fótbolta, tennis, blak, leiðsögn, leikfimi og þolfimi í íþróttamiðstöðvum Los Alcazares. Svæðið hefur allar gerðir af þjónustu, svo sem börum, veitingastöðum, matvöruverslunum, verslanir, bankar, alþjóðlega skóla, læknisþjónustu, apótek, golfvelli, siglinga- klúbbum og strætisvagna þjónustu sem keyra upp og niður strandlengjuna.

ARENALES DEL SOL

Arenales er ein af bestu ströndum Costa Blanca með hvítu náttúrulegu sandhólunum og tæra bláa hafinu. Hún hefur verið tilnefnd með bláum fána, sem ein af vinsælustu ströndunum í Costa Blanca, þetta er fullkominn staður fyrir íþróttir og vatnsíþróttir. Umhverfi hennar leiðir að ströndinni með föstum göngustígum til að varðveita náttúrulegan gróður staðarins til að gera það aðgengilegt fyrir alla. Þetta svæði er vel tengt og hefur almenningsgöngur til Alicante og alþjóðlegan flugvöll hennar (aðeins 5 mín fjarlægð) og til ótal annarra áhugaverðra staða. Á svæðinu er að finna verslanir, veitingastaði og aðra þjónustu sem eru í boði allt árið.



KAUPFERLIÐ

Íslendingar sem fjárfesta í fasteign á Spáni þurfa ekki að uppfylla nein sérstök skilyrði um dvalarleyfi, búsetu eða annað slíkt. Væntanlegur kaupandi þarf þó að sækja um svokallað NIE-númer sem er spænsk kennitala og opna bankareikning. Til að fá NIE-númer þarf að fara í gegnum ákveðið umsóknarferli hjá sýslumanni og það getur tekið nokkra daga en Euromarina getur séð um það fyrir þig.

Vextir á fjármögnun til húsnæðiskaupa eru afar hagstæðir hjá spænskum bönkum, vextir eru óverðtryggðir og yfirleitt mun lægri en gengur og gerist á Íslandi. Vextirnir eru annað hvort fastir eða breytilegir. Með breytilegum vöxtum eru vextirnir þannig byggðir upp að þeir grundvallast á EURIBOR-vöxtunum á hverjum tíma ásamt vaxtaálagi viðkomandi banka. Breytilegu vextirnir eru þó yfirleitt fastir fyrstu 12 - 24 mánuðina og síðan eru þeir ávalt endurskoðaðir á 12 mánaða fresti og hækka þá eða lækka eftir því hve háir EURIBOR-vextirnar eru á þeim tímapunkti. Vaxtaálag bankans breytist aldrei. Einnig er yfirleitt í lánaskilmálunum ákvæði þess efnis að vextirnir fara aldrei yfir tiltekna prósentu og aldrei niður fyrir tiltekna prósentu. Með föstum vöxtum eru vextirnir ákvarðaðir strax í upphafi og eru fastir allan lánstímann.

Greiðslubyrði: Áætluð greiðslubyrði af hverjum 100.000 € (um 12,0 milljónir króna) með 2,5% vöxtum til 30 ára er um 450 € (um 58.500 kr) á mánuði. Miðað við gengi € = 120 kr. Kostnaður við fasteignakaup á Spáni er hærri en á Íslandi. Kaupandi fasteignar þarf að greiða virðisaukaskatt af uppgefnu kaupverði til spænska ríkisins við undirritun afsals. Almennt getur kostnaður við kaupin hlaupið á í kringum 11% -13% í heildarkostnaði sem reiknast af kaupverði eignarinnar og greiðist við afsal

Virðisaukaskattur: Er 10% af uppgefnu verði.

Notario-kostnaður: Er fastur skjala- og umsýslukostnaður og er mismunandi eftir verði eigna en getur verið í kringum 0,5% af uppgefnu verði.

Þinglýsingargjald v/kaupsamnings: 1,5% af uppgefnu kaupverði.

Þinglýsingargjald v/láns: 1,5 % af lánsfjárhæð ef lán er tekið.

Lántökugjald v/láns: Um 1.0% af lánsfjárhæð ef lán er tekið.

Bankamat: 150-400 € fer eftir stærð eignar – ef lán er tekið.

Orkusamningar: 300 – 500 € vegna stofnunar á vatns- og rafmagnssamningum vegna kaupa á nýbyggingu.

NIE – númer: 150 € pr einstakling vegna stofnunar NIE-númers (kennitölu).

Ef umsækjandi tekur lán þarf hann að reikna með að greiða um 3-4% af lánsfjárhæðinni í kostnað við lántökuna

Rekstrarkostnaður fasteignar og árlegir skattar

Rekstrarkostnaður er mishár og fer eftir stærð og gerð fasteignarinnar. Flestar fasteignir hafa aðgang að sundlaugargarði og er fyrirkomulagið þannig á Spáni að hver og einn eigandi greiðir í húsfélagsgjald „Community fee“ til að standa stvraum af öllum sameignarkostnaði t.d. þrif á sundlaug, garðvinnu, lýsingu á sameign o.fl. Upphæð vatns-, rafmagns- og gasreikninga er mishá og fer eftir notkun á hverjum tíma. Tryggingar á fasteignum eru hagstæðar.

Dæmi um rekstrarkostnað og skatta á ársgrundvelli miðað við fasteign metna á 100.000 €

Fasteignagjöld: 100-170 €

Tryggingar: 300-450 €

Orkureikningar: 1000 – 1500 €

Eignaskattur: 100-200 €

Húsfélagsgjald: 500-800 €

Rekstrarkostnaður fasteignar að verðmæti 100.000 € eða um 12 millj íslenskra króna getur verið í kringum 110-180 € á mánuði miðað við 50% notkun eignarinnar.

Að fasteignakaupum loknum þarf ekki að hafa áhyggjur af að standa eftir ein með hin ýmsu mál sem geta komið upp. Eftirfylgni og aðstoð við hvaðeina er auðsótt hjá okkur og eru íslenskir tengiliðir Euromarina til aðstoðar reiðubúnir.

Okkar hlutverk er að gera ferlið þægilegt og einfalt fyrir þig.

Hvers vegna að kaupa af Euromarina?

1. Við notum endurnýtanlega orku og erum úrræðagóð þegar kemur að orkunotkun og skilvirkni, það skilar sér í u.þ.b. 30% orkusparnaði hjá þér.
2. Byggingar okkar eru með 10 ára ábyrgð.
3. Engin þörf á endurbótum, enginn viðhaldskostnaður.
4. Efnin sem við notum eru af bestu gæðum, eru endingargóð og umhverfisvæn.
5. Byggingarnar okkar eru sér styrktar, burðarvirkið er steypt og kambstál notað rétt eins og við þekkjum á Íslandi.
6. Húsin eru einangruð bæði fyrir varma og hljóði með ca 7 cm þykkri plast einangrun.
7. Við erum framsækin og innleiðum nýustu tækni í byggingum okkar.
8. Euromarina gefur ábyrgð á öllum smærri hlutum húseigna, t,d gólfefnum o.s.f.r í þrjú ár.
9. Euromarina byggir á eigin afli, notar ekki lánastofnanir til að fjármagna byggingarverkefni sín. Það þýðir að eignin þín hefur alltaf verið skuldlaus og veðbandalaus þar til hún kemur í þínar hendur.
10. Euromarina selur eingöngu nýjar eignir.



HVERS VEGNA AÐ VELJA



nr 1

1. LOFTSLAGIÐ:

Miðjarðarhafs loftslagið gerir Spán að fullkomnum stað til að njóta sólar og milds veðurfars allt árið um kring. Með meðalhita um 18° á veturnar og 300 daga af sól á ári, gerir Costa Blanca og Costa Calida að ákjósanlegum stað til að búa á.



nr 2

2. . AUKIN LÍFSGÆÐI:

Spánn er eitt af löndum Evrópu með hæsta meðalaldur og er það mildu miðjarðarhafsloftslaginu ásamt spænskum lífsgildum að þakka. Hamingja, sól, ávextir og grænmeti, fiskur, ólívu olía og gæða vín er innihaldið sem þarf til að njóta afslappaðs og heilbrigðs lífs.

SPÁN



nr 3

3. MENNING OG LANDSLAG:

Mismunandi þjóðflokkar og lönd hafa haft áhrif á menningu spánar í gegnum aldirnar, skilið eftir sig margskonar hefðir og venjur sem gerir spænska menningu svo heillandi. Landfræðilega er Spánn afar mismunandi, allt frá gullnum ströndum til snævi þakinna fjalla sem þekja rúmlega 3.000 fm af landinu.



nr 4

4. HAGSTÆTT VERÐLAG:

Þrátt fyrir að þjónusta og lífsgæði sé mun betri en víða í evrópu er verðlagið talsvert undir meðallagi, það gerir spán að vinsælum stað til að setjast að og búa eða til að eiga sitt annað heimili.



nr 5

5. FÓLKIÐ OG TUNGUMÁLÍÐ:

Spánverjar eru opið og kurteist fólk sem kann að njóta lífsins og að deila gleði sinni með fólkinu í kringum sig. Spánverjar taka fagnandi á móti þeim sem vilja kynnst þeirra lífstíl og menningu. Spænska er annað mest útbreiddasta tungumál heims og að læra spænsku er mjög góð leið til að aðlagast spánverjum, en þó ekki nauðsynleg, það tala flestir einhverja ensku og þá sérstaklega á suðurströndinni,



Explanada (ALICANTE)



Arenales del Sol



La Marquesa Golf Course (DOÑA PEPA)



Salt lake (DOÑA PEPA)



La Veleta Beach (TORREVIEJA)



ARENALES DEL SOL
DOÑA PEPA
ORIHUELA COSTA





Gran Sol Íbúðakjarninn er afgirt svæði og lokað óviðkomandi, með tveimur frábærum sameiginlegum sundlaugum, æfingasal, fallettum grænum opnum svæðum og góðum bílastæðum. Íbúðirnar eru með 2 eða 3 herbergi með 2 baðherbergjum, eldhúsi, stofu og yfirbyggðri verönd og sér garði.

GARÐ
MÓDEL 2 HERBERGI




SVÆÐI: 80,2m²
HERBERGI: 2
BAÐHERBERGI: 2
GARÐUR: 60-84m²

GARÐ
MÓDEL 3 HERBERGI



SVÆÐI: 100,4-102,4 m²
HERBERGI: 3
BAÐHERBERGI: 2
GARÐUR: 35-106 m²







Í Ateka Kjarnanum er að finna nokkrar gerðir húsa, t.d Olivos, með Olivos vildum við blanda aðeins saman miðjarðarhafs stílnum við þann nútímalega að utanverðu, en halda nútímalegu útlitinu alfarið að innan. Ateka kjarninn er byggður upp á tveggja hæða húsum: Jarðhæðum með sér garði annarsvegar og hinsvegar efri sérhæð með sér þakverönd yfir allri hæðinni.

**GARÐ
MÓDEL**



SVÆÐI: 84-89 m²
HERBERGI: 2
BAÐHERBERGI: 2
GARÐUR: 85-160m²

**ÞAKÍBÚÐ
MÓDEL**



SVÆÐI: 84-89 m²
HERBERGI: 2
BAÐHERBERGI: 2
ÞAKVERÖND: 73 m²







Í Ateka Kjarnanum er að finna nokkrar gerðir húsa, þar á meðal Duplex Ivory, Ivory er nútímalegt tvíbýli í funkis stíl, 3 eða 4 svefnherbergi og 3 baðherbergi. Sér garður fyrir framan og aftan húsin, svalir út af svefnherbergi og þakverönd yfir allri eigninni. Lokað einkabílastæði og stór sameiginlegur sundlaugargarður.

HORN MÓDEL
3 HERBERGI



SVÆÐI: 127,5 m²
HERBERGI: 3
BAÐHERBERGI: 3
GARÐUR: 80-100 m²
ÞAKVERÖND: 50 m²

HORN MÓDEL
4 HERBERGI



SVÆÐI: 137,1 m²
HERBERGI: 4
BAÐHERBERGI: 3
GARÐUR: 80-123 m²
ÞAKVERÖND: 50 m²





La Zenia II eru 2ja og 3ja svefnherbergja íbúðir í 3ja hæða fjölbýli, útsýni til sjávar og stutt frá strönd, í 5 mínútna fjarlægð frá La Zenia Boulevard verslunarmiðstöðinni, sem þekkt er fyrir skemmtilegt umhverfi og gott úrval af verslunum. Á þessu svæði er öll þjónusta sem þarf til að búa allt árið um kring.

**GARÐ
MÓDEL**



SVÆÐI: 82,21 - 82,98 m²
HERBERGI: 2
BAÐHERBERGI: 2
GARÐUR: 45 m²

**ÞAKÍBÚÐ
MÓDEL**



SURFACE: 92,09-95,58 m²
HERBERGI: 3
BAÐHERBERGI: 2
ÞAKVERÖND: 67 m²






Los Alcázares



Scuba Diving



Surf



La Manga

LOS ALCÁZARES



Murcia's Cathedral



La Manga Golf Course



Costa
Cálida
Región
de Murcia



2ja og 3ja svefnherbergja nútímalegar íbúðir í sjarmerandi íbúðarkjarna. Þessar íbúðir eru byggðar í hæsta gæðaflokki og einstaklega vel vandað til frágangs. Íbúðarkjarninn er afgirtur og íbúðirnar eru með einka garði eða svölum, fjórar mismunandi sundlaugar eru í kjarnanum og úrvals opin græn svæði. Staðsetningin er einstaklega góð, aðeins 10 mínútna gangur eftir falletgri göngugötu niður á strönd.

**MIÐ
MÓDEL D**




SVÆÐI: 75,78 m²
HERBERGI: 2
BAÐHERBERGI: 2
1 SVALIR

**MIÐ
MÓDEL A**



SVÆÐI: 105,65 m²
HERBERGI: 3
BAÐHERBERGI: 2
1 SVALIR









Euromarina hefur upp á að bjóða mikið úrval af fallega hönnuðum einbýlishúsum. Við bjóðum uppá margar af bestu staðsetningum svæðisins, frá Dona Pepa, La Zenia til Los Alcazares. Öll okkar hús hafa verið vandlega hönnuð af okkar eigin arkitekt, með það í huga að ná fram sem bestri nýtingu, flæði og náttúrulegri birtu. Húsin eru frá 2 til 5 svefnherbergjum, ýmist tilbúna eða á teikningastigi. Við bjóðum einnig uppá að byggja og hanna með þér draumahúsið ef þú kýst það frekar. Við leggjum mikla áherslu á gæði og fylgjum hæstu stöðlum byggingareglugerðar. Við höfum hús í nútímalegum stíl og miðjarðarhafs stíl.

Markmið okkar er að láta drauma þína rætast.



VILLA KORUM / DOÑA PEPA


Korum einbýlishúsin eru stílhrein blanda af hefðbundnum miðjarðarhafs stíl og nútímalegum stíl. Snýr til Suð austurs með einka garði og sundlaug, Korum er á einni hæð með 3 svefnherbergi og 3 baðherbergi, mikil lofthæð í stofu og opnu eldhúsi (með eyju).

Staðsetning þessara húsa er frábær, í miðju Dona Pepa.



LÓÐ: 426-476m²
SVÆÐI: 162,7-171,7 m²
HERBERGI: 3
BAÐHERBERGI: 2
ÞAKVERÖND: 74 m²
2 SVALIR

Nánari upplýsingar:
www.euromarina.com





VILLA LUNA / DOÑA PEPA

6 einbýli sem deila sameiginlegum garði og sundlaug, húsin eru í nútímalegum stíl. Húsin eru með 3 svefnherbergjum og 3 baðherbergjum, stórt opið eldhús, stofa og borðstofa, 2 svalir og þakverönd. Húsin afhendast með fullbúnu eldhúsi og baðherbergjum. Einkabýlastæði er á lóðinni við húsið.



LÓÐ: 215 m²

SVÆÐI: 126,68 m²


HERBERGI: 3

BAÐHERBERGI: 3

ÞAKVERÖND: 47 m²

2 SVALIR

Nánari upplýsingar:
www.euromarina.com





VILLA IVORY / DOÑA PEPA

Ivory er einstaklega fallett nútímalegt einbýlishús í Dona Pepa, húsið er á tveimur hæðum og er með stórra stofu með mikilli lofthæð, stóru opnu eldhúsi, 3 svefnherbergi og 3 baðherbergi, tvönnar svalir og þakverönd, einkasundlaug er á lóðinni og einkabílastæði, eldhúsið snýr að garðinum og sundlauginni sem nýtist sem útíbar sundlaugarmeginn frá.



LÓÐ: 312 m²

SVÆÐI: 152 m²

HERBERGI: 3

BAÐHERBERGI: 3

ÞAKVERÖND: 50 m²

1 SVALIR

Nánari upplýsingar:
www.euromarina.com





VILLA AURORA / DOÑA PEPA

Fallegt einbýlishús í nútímalegum stíl, staðsett á besta stað í dona pepa. Húsið er á tveimur hæðum, á neðri hæð eru eldhús, stofa, baðherbergi og eitt svefnherbergi. Á efri hæð eru tvö svefnherbergi, baðherbergi og tvær góðar svalir. Stór þakverönd er á þaki húnsins þar sem útsýni er yfir La Mata Natural Park og Laguna Rosa. Sér garður með einkasundlaug og bílastæði eru á lóðinni. Frá húsinu er 2 mín gangur að verlsunarkjarna og veitingastöðum.



LÓÐ: 330 m²

SVÆÐI: 128,9 m²


HERBERGI: 3

BAÐHERBERGI: 2

ÞAKVERÖND: 55 m²

2 SVALIR

Nánari upplýsingar:
www.euromarina.com





VILLA VEDRÁ / DOÑA PEPA

Villa Vedrá, dregur nafn sitt af colonial miðjarðarhaflegum stíl sínum. Húsið er með 3 svefnherbergi og 2 baðherbergi og hægt er að gera sér svítu með baðherbergi á efri hæð húsinu, þá með sér inngangi. Húsið er með þakverönd yfir öllu húsinu og þar er uppsteypt sólar skyli (Pergola) í þessum skemmtilega miðjarðarhafs stíl. Í nánasta umhverfi er öll þjónusta, heilsugæsla, apótek, veitingahús og verslanir. Stutt er á golfvöllinn Las Marquesa og aðeins um 5 mínútna akstur á ströndina í Guardamar.



LÓÐ: 427- 435,8 m²

SVÆÐI: 152,2 m²

HERBERGI: 3

BAÐHERBERGI: 2

ÞAKVERÖND: 85 m²

1 SVALIR

for more info visit us:
www.euromarina.com







🏠 AÐEINS UM OKKUR

Íslenskir sölufulltrúar Euromarina Birna Guðmundsdóttir og Kristján Sveinsson. Við aðstoðum hugsanlega viðskiptavinum og fylgjum eftir í öllu ferlinu, við erum með aðstöðu bæði á Garðatorgi eignamiðlun og á Spáni. Okkar hlutverk er að gera ferlið allt sem einfaldast og þægilegast,

Mikill fjöldi Íslendinga hefur á undanförunum árum fjárfest í draumafasteign sinni á Spáni og þá sérstaklega á Torrevieja svæðinu á Costa Blanca.

En hvar er Costa Blanca svæðið? Costa Blanca ströndin eða “hvíta ströndin” eins og hún nefnist í íslenskri þýðingu liggur við suðaustur strönd Spánar og teygir sig 200 km meðfram Miðjarðarhafinu. Það er mjög auðvelt að komast þangað, en flogið er beint frá Íslandi til Alicante og þaðan er 25 mínútna akstur til Torrevieja þar sem Euromarina hefur aðalstöðvar sínar,”

Við erum með fjölbreytt úrval nýrra fasteigna í boði, allt frá íbúðum í fjölbýli til einbýlishúsa. Íbúð í góðum kjarna með sundlaugagarði kosta frá 150,000 evrum.

Sjaldan eða aldrei hefur verið betra að fjárfesta í fasteign á spáni, krónan er sterk gagnvart Evrunni og fasteignaverð er að byrja að hækka.

Euromarina er mörgum Íslendingum kunnugt enda átt farsælt samstarf á Íslenskum markaði í rúm 20 ár, en það var stofnað fyrir 45 árum. Þeir hafa byggt upp fjölda hverfa og íbúða í hæsta gæðaflokki við Miðjarðarhafið, og hafa fengið margar viðurkenningar bæði heima fyrir og alþjóðlegar en þeir hafa byggt yfir 30 þúsund íbúðir á síðustu 45 árum.

Euromarina hannar og byggir allar gerðir af húsnæði en íbúðirnar eru mjög fjölbreyttar og mismunandi staðsettar. Hægt er að fá rúmgóðar fasteignir í þéttbýli, hágæða einbýlishús á stórum jörðum eða íbúð nálægt ströndu, Allir þessir möguleikar eru til staðar.

Við bjóðum fólki að koma út og skoða íbúðirnar og þá möguleika sem eru í boði, þeir sem koma út og skoða fá 3 nætur fríar á Hotel La laguna.

Ferlið er í stuttu máli þannig að við tökum á móti fólki á flugvelli og fylgjum á hótelið, þar sem það getur slakað á eftir ferðalagið. Svo þegar skoðunarferðin byrjar sækjum við fólkið á hótelið og byrjum á að fara í höfuðstöðvar Euromarina, förum yfir hvað er í boði og hvað fólk leitast eftir, förum svo að skoða hverfin og húsnæði eftir hvers þörfum.



TRAUSTUR BYGGINGARAÐILI
SÍÐAN 1972

Skoðunarferð Fyrir aðeins 30.000.- kr

Flug til Alicante, Gisting á Hótel La Laguna í 3 nætur.

Skipulagðar skoðunarferðir.

Sótt á flugvöllinn og ekið á hótelið.

Farið í höfuðstöðvar Euromarina og eignir skoðaðar.

Hafið samband á netfang birna@euromarina.es

Ef þú / þið viljið koma í ferð til okkar

Eða í síma 6902665 Kristján

www.euromarina.com

Allar myndir í þessum bækling eru ósamningsbundnar.



Urbanización Doña Pepa. Av. Antonio Quesada, 59. 03170 Rojales - (Alicante - Spain)

Tel. (+34) 96 671 86 86 Fax: (+34) 902 250 777

info@euromarina.es

www.euromarina.com



facebook.com/euromarina



[@EuromarinaSpain](https://twitter.com/EuromarinaSpain)



youtube.com/euromarinaspain